



Hestamannafélagið Sprettur

Félagsfundur Spretts 9. maí 2023, fundur hófst kl 20:00

Staður: Veislusalur Spretts

Fundarefni: Landsmót 2024, skipulag og undirbúningur.

1. Pétur Örn Sverrisson, varaformaður, setur fundinn og kynnir umræðuefni kvöldsins, sem er niðurstöðu LM 2024 nefndarinnar sem sett var á aðalfundi Spretts 19. apríl 2023. Í LM nefndinni voru:

Arnhildur Halldórsdóttir
Hermann Vilmundarsson
Sigurður Halldórsson
Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Þordís Anna Gýlfadóttir

2. Þordís Anna Gýlfadóttir kynnir niðurstöðu nefndarinnar og þá 3 sviðsmyndir sem komu til greina.

- Halda mótið í Spretti.

- Halda mótið í samstarfi við önnur hestamannafélög á höfuðborgarsvæðinu ekki á félagssvæði Spretts.

- Skila mótið til LH.

Farið var yfir kostir og gallar við alla 3 sviðsmyndirnar og forsendur á bakvið hverja sviðsmynd.

3. Opnað fyrir umræður og fyrirspurnir.

Linda Björk Gunnlaugsdóttir spyr hvort sé komin staðfesting á því hvort sveitarfélögin ætla að styrkja okkur.

Pétur Örn Sverrisson svarar að það var komin staðfesting frá Garðabæ að þeir ætla að styrkja okkur.

Kristinn Hugason segir frá því að Garðabær mun styrkja mótið og að við getum treyst því.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson (eldri) spyr hvort Fáksmenn taka vel í það að halda mótið með okkur, og hversu langt viðræðurnar eru komnar.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson (yngri) svarar að aðalfund Fáks sé eftir viku og að vel hafi verið tekið í fyrrisþurnina frá stjórnendum Fáks. En að félagsmenn Fáks þurfi að samþykkja tillöguna líka. Fákur mun leggja til vinnuna við svæðið, og Sprettur koma að framkvæmdahlutanum.

Þordís Anna ræðir um kostir og gallar við félagssvæði Fáks ef mótið verður haldið þar, og hvað væri hægt að bæta fyrir næsta mót.

Kristinn Hugason spyr afhverju var sótt um mótið hér í Spretti og kynnt sem mjög góður kostur til að halda LM ef svæðið standist ekki kröfurnar. Bendir á að t.d. upphitunarvöllinn væri hægt að færa eða nota annan völl undir upphitun.

Þordís Anna bendir á að upphitunarvöllin þarf að vera í beinu sjónlínu við þularstúku.

Sigurður Halldórsson segir frá því að á fundi með RML var rætt um útfærslu mótsins og kynbótahlutan. Afskrifað var þar alfarið að hægt væri að hafa kynbótahlutan og keppnina á sama tíma.

Þordís Anna segir frá því að fyrir stuttu var skipaður starfshópur innan Félag Hrossabænda og RML varðandi kynbótahlutan á Landsmóti og hvernig þeim hluta verður háttað í framtíðinni. Ekki verður komin niðurstaða frá starfshópnum fyrr en í fyrsta lagi í haust.

Spurt er um kostnaðarlið mótsins, hvort áætluð sé bara fyrir framvæmd mótsins eða allan pakkann.

Þordís Anna svarar að nefndin hafi bara farið yfir framkvæmd á mótsvæði, og ekki kostnað og tekjur við að halda mótið sjálft t.d. gæsla, girðingar etc.

Spurt er að ef við höldum LM 2024 kemur það niður á barna og unglíngastarfi.

Pétur Örn Sverrisson svarar að n.v. styrkur mun ekki vera skertur, en getur komið niður á framkvæmdir í í framtíðinni. Meðal annars félagshesthús og nýja reiðhöll.

Halldór Halldórsson spyr hvort það sé komin viljayfirlýsing frá sveitarfélögin varðandi það að styrkja okkur frekar við uppbyggingu og hversu langt það er komið í undirbúningi. Ekki væri hægt að bera saman upphæðirnar þar sem svo mikill munur er á milli þeirra.

Pétur Örn svarar að ekki sé komin viljayfirlýsing frá sveitarfélögunum en að stjórn hafi kynnt óskir Sprettis um uppbyggingu á svæðinu.

Kristinn Hugason vill alls ekki fara með mótið til Reykjavíkur, og hvetur félagsmenn til að hugsa þetta vel og vandlega þar sem ekkert er fast í hendi varðandi félagshesthús og nýja reiðhöll.

Lísa Margrét spyr hvernig framhaldið verði og ef félagsmenn þurfa að kjósa milli sviðsmynda eða hvernig þessu verður háttað.

Pétur Örn svarar að stjórnin mun hlusta á sjónarmið félagsmanna en að stjórn mun svo fjalla um málið og taka svo ákvörðun í framhaldið. Stjórn félagsins sótti um mótið á sínum tíma og stjórn tekur ákvörðun um framtíð mótsins.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson (eldri) segir frá því hvernig svæðið var hugsað í uppbyggingu og að aðilar hafi komist að þeirri niðurstöðu sem varð svo að keppnissvæði Sprettis. Bendir á að

miklar kröfur verður að gera til sveitarfélaganna varðandi uppbyggingu svæðisins, og þá sérstaklega Garðabæ sem eru með mikla uppbyggingu á svæðinu.

Sigurður Týrfingsson segir frá því að fasteignamat hesthúsa í Kópavogi eru 3,6 milljarðar. Sprettur verður að standa betur að því að nota þessar upplýsingar í viðræðum við sveitarfélögin.

Katla Gísladóttir spyr hvort það sé hægt að fá verktaka til að vinna vinnuna í sumar.

Svarið við því er að Loftorka gæti unnið vinnuna í sumar.

Þordís Anna segir frá sínum persónulegu skoðunum og bendir á að engin reynsla er á svæðinu og að mörg „ef“ eru til staðar og að það sé stórmál að halda Landsmót og vel og vandlega verður að hugsa málið áður en tekinn verður ákvörðun.

Pétur Örn þakkar nefndinnin kærlega fyrir mjög vel unnin störf og vel unna skýrslu. Stjórn hafi tekið þá ákvörðun að rétt væri kanna betur sviðsmynd nr. 2 og hvort hægt verður að framkvæma hana í framhaldinu.

Þakkað er fyrir góðan fund og er fundi slitið kl. 21:35.

Fundargerð ritaði Jenny Elisabet Eriksson.